



**HITAVEITUFÉLAG
HVALFJARÐAR, SF**

Ársreikningur

2018

Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf.
Kalastaðakoti
301 Akranesi
kt. 670289-5089

Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf.

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit

| | |
|---------------------------------------|------|
| Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 6 |
| Skýringar | 7-11 |

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og félagsmanna Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings 2018 fyrir Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf., byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogi, / 2019.

Deloitte ehf.

Sigurður Heiðar Steindórsson
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf.

Undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf., höfum yfirfarið ársreikning félagsins og í því sambandi kannað bókhaldsgögn og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu fyrir árið 2018 og leggjum til að hann verði samþykktur. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018 í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Hvalfjarðarsveit, / 2019

Kjörnir skoðunarmenn

Guðmundur Friðjónsson

Jón Valgarðsson

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf. fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Tilgangur félagsins er skilgreindur í skýringu nr. 1.

Það er álit stjórnar Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

| Helstu fjárhæðir úr ársreikningi eru eftirfarandi: | 2018 | 2017 | Breyting % |
|---|-----------------|-----------------|------------|
| Rekstrartekjur samkvæmt rekstrarreikningi námu..... | kr. 42.406.504 | kr. 40.218.382 | 5,4% |
| Rekstrarhagnaður (EBITDA) samkvæmt rekstrarreikningi nam..... | kr. 21.588.882 | kr. 17.135.733 | 26,0% |
| Hagnaður af rekstri félagsins samkvæmt rekstrarreikningi nam..... | kr. 8.031.215 | kr. 6.036.536 | 33,0% |
| Eignir í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu..... | kr. 154.386.548 | kr. 134.295.615 | 15,0% |
| Eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu..... | kr. 125.118.350 | kr. 117.087.135 | 6,9% |
| Eiginfjárhlutfall í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam..... | 81,0% | 87,2% | -7,0% |
| Ársstörf að meðaltali á árinu námu..... | 0 | 0 | |

Stjórn félagsins leggur til að með afkomu ársins verði farið eins og sýnt er í yfirliti um breytingar á eigin fé félagsins.

Eigendur félagsins í árslok 2018 eru Hvalfjarðarsveit, sem á 50% af skráðu stofnfé og aðrir aðilar, 20 að tölu, sem eiga samtals 50% af skráðu stofnfé, þar af nemur eigið stofnfé félagsins sjálfs 7,14%. Stofnfé annarra skiptist þannig að sautján félagsmenn eiga 2,38% og tveir eiga 1,19%.

Stjórn Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Hvalfjarðarsveit, / 2019.

Í stjórn

Karl Ingi Sveinsson
formaður

Sæmundur Víglundsson

Guðjón Jónasson

Rekstrarreikningur ársins 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|--|-------|--------------|--------------|
| Rekstrartekjur | | 42.406.504 | 40.218.382 |
| Rekstur hitaveitukerfa /nýlagnir vegna heimtauga | | (14.273.852) | (16.251.017) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (3.816.848) | (4.078.058) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (2.726.922) | (2.753.574) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) | | 21.588.882 | 17.135.733 |
| Afskriftir fastafjármuna | 5 | (9.209.313) | (8.564.228) |
| Rekstrarhagnaður | | 12.379.569 | 8.571.505 |
| Fjármunatekjur | | 876.168 | 1.084.617 |
| Fjármagnsgjöld | | (37.832) | (214.585) |
| | 3 | 838.336 | 870.032 |
| Hagnaður fyrir skatta | | 13.217.905 | 9.441.537 |
| Tekjuskattur | 4 | (5.186.690) | (3.405.001) |
| Hagnaður ársins | | 8.031.215 | 6.036.536 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| Eignir | Skýr. | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|--|-------|--------------------|--------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | 120.977.672 | 101.456.672 |
| | | <u>120.977.672</u> | <u>101.456.672</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Birgðir - verk í vinnslu | 6 | 2.589.416 | 0 |
| Viðskiptakröfur | 7 | 7.179.127 | 1.323.349 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 5.910.702 | 595.061 |
| Handbært fé | 7 | 17.729.631 | 30.920.533 |
| | | <u>33.408.876</u> | <u>32.838.943</u> |
| Eignir | | <u>154.386.548</u> | <u>134.295.615</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Stofnfé | 8 | 67.109.194 | 67.109.194 |
| Óráðstafað eigið fé | | 58.009.156 | 49.977.941 |
| Eigið fé | | <u>125.118.350</u> | <u>117.087.135</u> |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 9 | 6.959.291 | 7.898.050 |
| | | <u>6.959.291</u> | <u>7.898.050</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | 10 | 14.949.087 | 4.019.008 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 4 | 6.125.449 | 4.240.023 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 10 | 1.234.371 | 1.051.399 |
| | | <u>22.308.907</u> | <u>9.310.430</u> |
| Skuldir | | <u>29.268.198</u> | <u>17.208.480</u> |
| Eigið fé og skuldir | | <u>154.386.548</u> | <u>134.295.615</u> |

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

| | Skýr. | 2018 | 2017 |
|---|-------|---------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hagnaður ársins | | 8.031.215 | 6.036.536 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 9.209.313 | 8.564.228 |
| Tekjuskattsskuldbinding, breyting | | (938.759) | (835.022) |
| Veltufé frá rekstri | | 16.301.769 | 13.765.742 |
| Skammtímakröfur, (hækkun)/lækkun | | (13.760.835) | 2.472.727 |
| Skammtímaskuldir, hækkun/(lækkun) | | 12.998.477 | (2.037.287) |
| Handbært fé frá rekstri | | 15.539.411 | 14.201.182 |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | (28.730.313) | (5.167.528) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 0 | 0 |
| | | (28.730.313) | (5.167.528) |
| (Lækkun), hækkun handbærs fjár | | (13.190.902) | 9.033.654 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 30.920.533 | 21.886.879 |
| Handbært fé í lok árs | | 17.729.631 | 30.920.533 |

Skýringar

1. Starfsemi

Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf. er sameignarfélag og starfar á grundvelli laga nr. 50/2007 um sameignarfélög.

Tilganur félagsins er að leggja hitaveitu, selja heitt vatn og afla frekari jarðvarma ef þörf krefur, eftir því sem hagkvæmt þykir og ástæður leyfa. Ennfremur að annast restkur og viðhalda á öllum eignum félagsins.

Heimilisfelsti félagsins er á Íslandi og er lögheimili þess að Kalastaðakoti, 301 Akranesi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af sölu á heitu vatni og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Sala er skráð við afhendingu eða þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 36%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar ef skuldin er í erlendri mynt.

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2018 | 2017 |
|---------------------------------|----------|-----------|
| Aðrar vaxtatekjur | 876.168 | 1.084.617 |
| | 876.168 | 1.084.617 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Dráttarvaxtagjöld | (38.228) | (214.585) |
| | (37.832) | (214.585) |
| | 838.336 | 870.032 |

4. Tekjuskattur

| Tekjuskattur greinist þannig: | 2018 | 2017 |
|---|-------------|-------------|
| Reiknaður tekjuskattur, (gjaldfærður)/tekjufærður í rekstrarreikningi | (5.186.690) | (3.405.001) |
| Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári, skuldfærður í efnahagsreikningi í árslok | 6.125.449 | 4.240.023 |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok, skuldfærð í efnahagsreikningi | 6.959.291 | 7.898.050 |
| Tekjuskattshlutfall ársins | 37,2% | 36,0% |

Skýringar

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Bifreið, áhöld og tæki | Veitukerfi | Samtals |
|--------------------------------|---------------------------|-------------|-------------|
| Kostnaðarverð | | | |
| Staða í ársbyrjun | 5.212.444 | 196.762.199 | 201.974.643 |
| Eignfært á árinu | 0 | 28.730.313 | 28.730.313 |
| Staða í árslok | 5.212.444 | 225.492.512 | 230.704.956 |
| Afskriftir | | | |
| Staða í ársbyrjun | 947.566 | 99.570.405 | 100.517.971 |
| Afskrift ársins | 764.221 | 8.445.092 | 9.209.313 |
| Staða í árslok | 1.711.787 | 108.015.497 | 109.727.284 |
| Bókfært verð | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 4.264.878 | 97.191.794 | 101.456.672 |
| Bókfært verð í árslok | 3.500.657 | 117.477.015 | 120.977.672 |
| Afskriftarhlutföll | 12-15% | 4% | |

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af upphaflegu kostnaðarverði. Afskriftir af keyptum og seldum eignum eru reiknaðar hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Váttryggingamat |
|----------------------------|--------------|-----------------|
| Veitukerfi (dæluhús) | 3.750.000 | 13.135.000 |

6. Vörubirgðir

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|------------|------------|
| Verk í vinnslu - nýlagnir vegna heimtauga | 2.589.416 | 0 |
| | 2.589.416 | 0 |

7. Aðrar peningalegar eignir

| Viðskiptakröfur | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|--|------------|------------|
| Innlendar viðskiptakröfur | 7.679.127 | 1.823.349 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (500.000) | (500.000) |
| | 7.179.127 | 1.323.349 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | | |
|--|-----------|-----------|
| Staða í ársbyrjun | (500.000) | (500.000) |
| Tekjufærsla (gjaldfærsla) á árinu..... | (43.841) | 0 |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu..... | 43.841 | 0 |
| Staða í árslok | (500.000) | (500.000) |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Skýringar

7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

| Aðrar skammtímakröfur | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|-------------------|-------------------|
| Virðisaukaskattur | 5.733.659 | 433.407 |
| Fjármagnstekjuskattur | 177.043 | 161.654 |
| | <u>5.910.702</u> | <u>595.061</u> |
| Handbært fé | | |
| Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum. | | |
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 17.729.631 | 30.920.533 |
| | <u>17.729.631</u> | <u>30.920.533</u> |

8. Eigið fé

| Stofnfé greinist þannig: | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---------------|-------------------|
| Stofnfé í árslok samkvæmt sameignarfélagssamningi | 100,00% | 72.269.216 |
| Eigið stofnfé í árslok | -7,14% | (5.160.022) |
| | <u>92,86%</u> | <u>67.109.194</u> |

Hvalfjarðarsveit fer með eitt atkvæði í félaginu, 17 aðrir fara með eitt atkvæði hver og tveir aðilar fara með eitt atkvæði saman.

| Eiginfjárreikningar greinast þannig: | Stofnfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|--------------------------------------|-------------------|---------------------|--------------------|
| Eigið fé 1.1.2017 | 67.109.194 | 43.941.405 | 111.050.599 |
| Hagnaður/(tap) ársins | | 6.036.536 | 6.036.536 |
| Eigið fé 1.1.2018 | 67.109.194 | 49.977.941 | 117.087.135 |
| Hagnaður/(tap) ársins | | 8.031.215 | 8.031.215 |
| Eigið fé 31.12.2018 | <u>67.109.194</u> | <u>58.009.156</u> | <u>125.118.350</u> |

9. Tekjuskattsinnæign/(-skuldbinding)

| | Inneign/ (skuldbinding) | |
|---|----------------------------|--------------------|
| Staða 1.1.2017 | (8.733.072) | |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2017 | (3.405.001) | |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018 | 4.240.023 | |
| Staða 1.1.2018 | <u>(7.898.050)</u> | |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2018 | (5.186.690) | |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2019 | 6.125.449 | |
| Staða 31.12.2018 | <u>(6.959.291)</u> | |
| Tekjuskattsskuldbinding greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins: | | |
| | <u>31.12.2018</u> | <u>31.12.2017</u> |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (7.237.417) | (8.177.409) |
| Aðrir liðir | 278.126 | 279.359 |
| | <u>(6.959.291)</u> | <u>(7.898.050)</u> |

Skýringar

10. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

| | <u>31.12.2018</u> | <u>31.12.2017</u> |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 14.949.087 | 4.019.008 |
| | <u>14.949.087</u> | <u>4.019.008</u> |

Aðrar skammtímaskuldir

| | | |
|---------------------------|------------------|------------------|
| Ógreiddur kostnaður | 1.234.371 | 1.051.399 |
| | <u>1.234.371</u> | <u>1.051.399</u> |

11. Viðskipti við stjórnendur

Aðkeypt þjónusta af stjórnendum greinist þannig:

| | <u>2018</u> | <u>2017</u> |
|---|------------------|------------------|
| Vegna skrifstofu- og stjórnunarstarfa | 1.800.000 | 1.800.000 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 3.162.150 | 2.622.050 |
| | <u>4.962.150</u> | <u>4.422.050</u> |

12. Ábyrgðir og önnur mál

Engar ábyrgðir eða skuldbindingar utan efnahagsreiknings hvíla á félaginu í árslok vegna 3ja aðila.